

70. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn fimmtudaginn 2. september 1999., kl. 10:00, í fundarsal SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

- 1. Kosning formanns og varaformanns.**
Karl Björnsson kosinn formaður og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson varaformaður.
- 2. Fundargerð aðalfundar Kjötmjöls ehf., frá 20. ágúst sl.**
Til kynningar.
- 3. Starfsmannamál.**
 - a. Framkvæmdastjóri kynnti ráðningu Kristins R. Sigtryggssonar í starf vélamanns.
 - b. Framkvæmdastjóra falið að endurskoða kjör, starfslýsingu og starfsheiti verkstjóra Sorpstöðvarinnar.
- 4. Leiga fyrir land í Kirkjuferjuháleigu.**
Lögð fram bréfa skipti Landbúnaðarráðuneytis og Sorpstöðvar Suðurlands vegna leigugreiðslna.
Framkvæmdastjóra falið að bjóða landbúnaðarráðherra o.fl. í kynnisferð til Kirkjuferjuháleigu.
- 5. Næsta urðunarrein.**
Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að leita eftir samningum við Vélgröfuna hf., um framkvæmdir við næstu urðunarrein, á grundvelli einingaverðs síðasta útboðs.
- 6. Gjaldskrár sveitarfélaga vegna sorphirðu.**
Guðmundur Tr. Ólafsson gerði grein fyrir upplýsingum sem hann hefur dregið saman um gjaldskrár sorphirðu sveitarfélaga.
Guðmundi falið að gera nákvæmt yfirlit yfir stöðu þessara mála hjá sveitarfélögum á starfssvæði stöðvarinnar sem og kostnað sveitarfélaganna.
- 7. Starfsmannastefna.**
Framkvæmdastjóri kynnti drög að starfsmannastefnu SASS.
Samþykkt að Sorpstöð verði aðili að áframhaldandi vinnu.

Fundi slitið kl. 11:50

Karl Björnsson.
Sesselja Jónsdóttir.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Þorvarður Hjaltason.